



ÞORLÁKSHÖFN

ÞORLÁKSHÖFN – GJALDSKRÁ ÁRIÐ 2026

Virðisaukaskattur leggst á öll gjöld

1. gr.

Almenn ákvæði

Gjaldskrá þessi fyrir Þorlákshöfn er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskráin miðast við að Þorlákshöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölul. 3. gr. hafnalaga.

2. gr.

Gjaldtaka tengd stærð skipa

Við ákvörðun hafnargjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu (bt.) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til Þorlákshafnarhafnar ef þau koma inn fyrir mörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

3. gr.

Skipagjöld

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjöld kr. 21,0 fyrir hvert bt. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða kr. 11,2 fyrir hvert bt. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið við bryggju.

Lágmarksgjald báta sem eru 20 bt. og stærri er kr. 15.155 á mánuði. Bátar minni en 20 bt. greiða kr. 8.919 á mánuði. Lægsta gjald fyrir hverja komu til hafnar er kr. 6.547.

Leiga á stæði við flotbryggju er kr. 16.086 á mánuði. Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiða kr. 11.817 fyrir hverja byrjaða viku og daggjald er kr. 2.593. Heimilt er að gera sérstaka samninga vegna skúta og skemmtibáta sem heimahöfn eiga í Þorlákshöfn.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffæris í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að gera samninga um skipa- og vörugjöld skv. 3. og 6. gr. vegna skipa sem eru í föstum áætlunarsiglingum með vörur og/eða fólk til og frá Þorlákshöfn.

4. gr.

Vörugjöld

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Þorlákshafnar vegna álagningar vörugjalda innan 5 virkra daga frá komu eða brottfarar skips.

Fyrir vörugáma (opna og lokaða) sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarra hafna, vegna milliflutninga, framhaldsflutninga eða strandflutninga, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt eitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land, sbr. b. lið 4. tölul. 6. gr. Gjaldið miðast við hverja 20 feta gámeiningu (TEU) þannig að 40 feta gámur tekur tvöfalt grunngjald. Farmflytjandi skal skila farmskrá, upplýsingum um fjölda og stærð gáma og öðrum nauðsynlegum gögnum til Þorlákshafnar vegna álagningar vörugjalda innan 5 virkra daga frá komu eða brottfarar skips. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna bilunar eða skemmda á skipi.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið sannreyna uppgefið vörumagn og flokkun þess á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp var gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

5. gr.

Vörur undanþegnar vörugjaldi

Vörur undanþegnar gjaldi eru:

- a) Umbúðir sem endursendar eru, svo sem tómir gámar, fiskkör, tankar o.fl.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur frá skipum sem fluttur er til eyðingar.

6. gr.

Vörugjaldskrá:

1. fl. Heilfarmaflutningar - Gjald kr. 308 fyrir hvert tonn:
Vikur, möl og önnur jarðefni.
2. fl. gjald kr. 511 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, laust korn, salt, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
3. fl. gjald kr. 842 fyrir hvert tonn:
Lýsi, fiskimjöl, þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, drykkjarvörur og ávextir.
4. fl. a) gjald kr. 1.448 fyrir hvert tonn af ökutæki sem ekið er frá borði.
b) gjald kr. 3.611 á hverja 20 feta gámeiningu (TEU), sbr. 2. mgr. 4. gr.
c) gjald kr. 1.934 fyrir hvert tonn, allar aðrar vörur en getið er í 1., 2., 3., 4a, 4b og 4d fl.
d) gjald kr. 1.063 fyrir hvert tonn af eldisfiski, þ.m.t. eldisseiðum, sem flutt eru í gegnum höfnina.
5. fl. Aflagjald 1,55%:
Samkvæmt lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar skal allur afli vegin á hafnarvog í löndunarhöfn. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu, samkv. 17. gr. hafnalaga, gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum sjávarafurðum reiknast 0,70% af heildarverðmæti.

Seljanda aflans ber að afhenda Þorlákshöfn skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Seljandi ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð verðlagsstofu skiptaverðs.

Þegar afli er fluttur út í gámum sér sá sem sér um útflutningin um innheimtu aflagjalds og er ábyrgur fyrir því þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

7. gr.

Hafnsögugjald

Farmskip og togarar, aðrir en togarar með heimahöfn í Þorlákshöfn, skulu hlíta hafnsöguskyldu við komu og brottför til Þorlákshafnar. Undanþága er veitt frá hafnsöguskyldu í vissum tilfellum, samkvæmt hafnarreglugerð um Þorlákshöfn. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni samkv. 6. gr. hafnarreglugerðar.

1. Fyrir leiðsögu til hafnar, að bólvirki eða lægi, kr. 9,71 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald.

2. Fyrir leiðsögu um höfn (færsla skipa) og ef skipstjóri hefur staðfesta undanþágu frá hafnsögu eða hafnsögumaður heimilar við sérstakar aðstæður skipstjóra að sigla til eða frá höfn án hafnsögumanns, skal greiða hálf gjald.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum liðum er kr. 43.657.

Hafnsaga fast gjald fyrir hverja ferð skips kr. 7.435.

Frestist brottför eða færsla skips ítrekað um meira en 30 mínútur frá uppgefnum tíma án þess að tilkynning um það hafi borist a.m.k. 2 klst. áður, er heimilt að innheimta lágmarks hafnsögugjald.

8. gr.

Þjónusta dráttarbáts

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við brúttó stærð skips, kr. 14,6 pr. br. tonn. Lágmarkstími fyrir aðstoð er 2 klst. Lágmarksgjald dráttarbátsins Ölver er kr. 63.490 pr. klst. Lágmarksgjald dráttarbátsins Herdís er kr. 99.539 pr. klst.

Aðstoð við skip og báta:

1. *Fyrir báta sem eru undir 100 bt. að stærð.*
Grunngjald kr. 235.121.
Fyrir hverja rúmlest 20–70 bt. kr. 4.188.
Fyrir hverja rúmlest 71–99 bt. kr. 6.533.

Að auki greiðist tímagjald fyrir þann tíma sem aðstoðin tekur. Tímagjald er kr. 99.539 pr. klst. fyrir báta allt að 26 bt. hvort heldur sem er í lausakeyrlu eða drætti. Fyrir báta stærri en 26 bt. greiðist kr. 99.539 í lausakeyrlu og kr. 123.830 fyrir báta í drætti.

2. *Fyrir skip 100 bt. og stærri.*

Fyrir skip sem ekki komast til hafnar fyrir eigin vélarafla en eru þó ekki í yfirvofandi hættu fer um greiðslur eftir samkomulagi frá 16. september 1987 milli Sambands íslenskra tryggingafélaga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hins vegar.

Þegar beðið er um aðstoð dráttarbáts utan dagvinnutíma skulu reiknaðar minnst tvær klst. sem leigutími fyrir bátinn. Allt að fjórir menn eru í áhöfn dráttarbáts.

Fyrir skip sem eru í yfirvofandi hættu skal þóknun ákveðin af Framkvæmda- og hafnarnefnd hverju sinni.

Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og ábyrgð þess skips sem þeir aðstoða frá því þeir taka við fyrirmælum stjórnenda skipsins er aðstoðar nýtur og þar til fyrirmæli eru gefin um að aðstoð sé lokið.

9. gr.

Festargjöld

Festargjald pr. mann pr. afgreiðslu er kr. 30.766 í dagvinnu og kr. 57.077 í næturvinnu og á stórhátíðardögum. Hafnsögumaður ákveður mannafla eftir aðstæðum hverju sinni samkv. 6. gr. hafnarreglugerðar.

10. gr.

Sorpgjöld og úrgangs- og förgunargjöld

Sorpgjöld: Bátar allt að 10 bt. kr. 2.653 pr. mánuð. Bátar 10–100 bt. kr. 7.084 pr. mánuð. Skip og bátar stærri en 100 bt. kr. 16.971 pr. mánuð. Hreinsun og akstur með sorp kr. 11.790. Hreinsun á bryggju í dagvinnu kr. 8.284.

Úrgangs- og förgunargjöld: Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi:

- a) Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 1,20 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 7.356 og hámarksgjald kr. 66.175.
- b) Úrgangsgjald: Gjald skv. staflíð a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,55 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 7.352 og hámarksgjald kr. 33.082.
- c) Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
- d) Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Þorlákshöfn skulu greiða fast mánaðar gjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjald skal vera kr. 7.352 á mánuði.
- e) Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska

eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 14.968 á hverri rúmmetra og að lágmarki er tekið gjald fyrir einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar en misbeiting af því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

- f) Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 14.406 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.
- g) Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningu skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

Mengunaróhapp á og við hafnarsvæði

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhapps samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

11. gr.

Rafmagn

Rafmagnsnotkun hver kWst kr. 24,11. Tengigjald kr. 3.202 er rukkað einu sinni í mánuði. Útkall-afgreiðsla rafmagns utan dagvinnutíma er 4 klst. Skilagjald rafmagnsmælar kr. 52.389.

12. gr.

Vatnsgjald

Vatnsgjald pr. tonn af köldu vatni er kr. 610 og af heitu vatni kr. 835. Afgreiðslugjald vegna yfirvinnu er kr. 14.123. Fast mánaðargjald skipa og báta allt að 10 bt. er 5 tonn af vatni pr. mánuð, hjá skipum og bátum frá 11–100 bt. er innheimt gjald fyrir 25 tonn af vatni pr. mánuði, hjá skipum og bátum sem eru 101 bt. og stærri er innheimt gjald fyrir 40 tonn af vatni pr. mánuði.

13. gr.

Vogargjald

Vogargjald pr. tonn kr. 338. Skráningargjald fyrir skráningu í Gaflinn kr. 102 pr. tonn. Lágmarks vogargjald er kr. 2.183. Yfirvinnutíma á hafnarvog pr. klst. kr. 15.368.

Opnunartími hafnarinnar er kl. 07:00–19:00 á virkum dögum og kl. 10:00–14:00 um helgar. Unnin yfirvinna bætist við landanir sem dragast fram fyrir opnunartíma hafnarinnar. Yfirvinnuútkall bætist á landanir sem hefjast utan opnunartíma hafnarinnar. Útkallskostnaður skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn samtímis. Lágmarkstími útkalls er 4 klst., annars til jafns við unninn tíma við löndun.

14. gr.
Önnur þjónustugjöld

Kranaleiga pr. skipti kr. 1.242.

Leiga á landgangi pr. skipti kr. 8.950.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði kr. 105 pr. m² á mánuði.

Geymsla á malbikuðu svæði kr. 177 pr. m² mánuði.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum kr. 591 pr. sólarhring.

Geymslugjald fyrir 20 feta gám á hafnarsvæði kr. 591 pr. Sólarhring

Geymslugjald fyrir 40 feta gám á hafnarsvæði kr. 699 pr. Sólarhring

Gjald fyrir eldsneytisdælur kr. 16.325 á mánuði.

15. gr.
Farþegagjald

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtibáta, farþegaskipa og annarra skipa sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Þorlákshafnarhafnar. Gjaldið er kr. 262 fyrir hvern farþega.

16. gr.
Hafnarverndargjald

Af hverju skipi sem leggst við verndaða hafnarafstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 62.492 á hvert skip. Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímagjald kr. 8.284 fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 15.368 í næturvinnu. Lágmarkstími er 4 klst.

17. gr.
Innheimta og greiðsla hafnargjalda

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknuðir hæstu löglegu dráttarvextir á skuldina.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra er greiða ber Þorlákshöfn vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra ljósrít af þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra. Hafnarsjóður hefur haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörur fyrr en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það við í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Þorlákshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

18. gr.

Virðisaukaskattur

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Þorlákshafnarhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl., 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

19. gr.

Gildistaka

Gjaldskráin var staðfest af hafnarstjórn 21.1.2026.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2026.

Benjamín Þorvaldsson
hafnarstjóri